

59. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.12 2013, kl. 13.30

Mætt til fundar: Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Anna Jóna Árnarsdóttir er forfölluð og Magnhildur Björnsdóttir 1 varamaður mætt í hennar stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Fjallaskarðsskáli
3. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga
4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014, síðari umræða
5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015-2017, síðari umræða
6. Skólamál
7. Bréf
 - a) Afrit af bréfi EFS til endurskoðenda sveitarfélaga dags. 25.11
 - b) Seyðisfjarðarkaupstaður dags. 21.11
 - c) Mannvirkjastofnun dags 30.10
 - d) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags 04.11
8. Umhverfisstyrkir
 - a) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli
 - b) Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum
9. Fjárbeiðnir
 - a) Uniqui Iceland East-Byggðalög og Ásbrú
 - b) Snorraverkefnið
 - c) Rauði krossinn
 - d) Rekstarfélagið Höttur
 - e) Blátt áfram
 - f) ÚÍA -Snæfell
10. Fundargerðir
 - a) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 11.11 og stjórnarfundur Skólaskrifstofu 11.11
 - b) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 21.11
11. Önnur mál.

1. Kostnaður við refa og minkaveiðar í Fljótsdalshreppi á síðasta veiðitímabili er um 1,7 millj. 6 greni voru unnin, 10 fullorðin grendýr, 24 yrðlingar og 43 hlaupadýr, 3 ný refagreni fundust. 12 minkar voru veiddir.

Innanríkisráðuneytið minnir sveitarfélög á skil á fjárhagsáætlunum í rafrænan grunn Hagstofu Íslands, að aflokinni umræðu og afgreiðslu sveitarstjórna. Einnig er minnt á að afgreiðsla fjárhagsáætlana fyrir næstu 4 ár á að vera lokið fyrir 15. desember.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tilkynnt að í framhaldi af ósk umhverfis- og auðlindaráðuneytis um tilnefningu í starfshóp, þá hafi Sambandið tilnefnt Gunnþórunni Ingólfssdóttur oddvita Fljótsdalshrepps og Björn Ingimarsson bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs í starfshóp um hreindýrabúskap og það þeirra sem ekki verði skipaður í starfshópinn verði varamaður hins.

Oddviti sat sem varamaður fund Menningarráðs Austurlands 7. nóv. sl. Niðurstaða úttektar Capacent á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013 er að Austurland kemur þar langbest út í öllum meginatriðum.

Menningarfulltrúi var með viðveru í Végarði frá kl. 14-16, þriðjudaginn 3. 12. Enginn mætti gagnert til að hitta fulltrúann.

UMFÍ vekur athygli á tillögu sem samþykkt var á 48. sambandsþingi. Hvatt er til að ganga hjóla eða taka strætó til og frá skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

Oddviti sat fund á Egilsstöðum 8. 11, sem framkvæmdastjóri og formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga boðaði til með fulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi.

Menntamálaráðuneytið vekur athygli á útkominni skýrslu um rannsóknir á högum barna og ungmenna, undir heitinu „Ung fólk“.

Fyrirtækið Securitas vill vekja athygli á möguleika á innkomuvöktun með myndavélum.

Í framhaldi af beiðni Forsætisráðuneytis tók byggingarfulltrúi sveitarfélagsins saman gögn er vörðuðu eignir og réttindi innan þjóðlendu í Fljótsdalshreppi.

Alþingi hefur sent til umsagnar sveitarfélaga frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna). Umsagnarfrestur er til og með 6.12.

Íbúðir sem Dvalarheimili aldraðra keypti á Egilsstöðum hafa verið auglýstar til leigu. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði.

Gögn sem liggja frammi til kynningar:

Aðalfundargögn Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2013 : Ársreikningur fyrir árið 2012, ásamt endurskoðunarskýrslu, afhendingarskrá 2012, ársskýrsla 2012, fundargerðir 2012 og fjárhagsáætlun 2014.

Skýrslan Ungt fólk 2013

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2012

2. **Fjallaskarðsskáli.** Varðar ábyrgðaryfirlýsingu byggingarverktaka við byggingu Fjallaskarðsskála, ábyrgð felld niður að hluta þar sem byggingu er lokið. Kynnt.
3. **Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.** Innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga vekja athygli á að í undirbúningi eru breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þess efnis að færa 0,04 % af skattlagningu tekjuskatts yfir á álagningu útsvars, sem er hluti af samkomulagi um flutning málefna fatlaðra yfir til

sveitarfélaga. Fyrirhuguð breyting á lögum verður þá í þá veru að sveitarfélög hafa heimild til að hækka hámarksálagningu úr 14,48% í 14,52 % og ríkið lækkar tekjuskattsprósentu á móti. Samþykkt að halda óbreyttri álagsprósentu útsvars í Fljótsdalshreppi 13,20%.

4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014, síðari umræða

Fjárhagsáætlun tekin til umræðu. Oddviti bar svo upp fjárhagsáætlun næsta árs og var hún samþykkt samhljóða.

Helstu niðurstöður:

- Rekstur aðalsjóðs jákvæður, 81,6 millj
- Rekstur eignasjóðs neikvæður, 81 millj
- Rekstur félagslegra íbúða neikvæður, 560 þús
- Afskriftir áætlaðar 28,8 millj
- Fjármunatekjur/fjármagnsgjöld jákvæð 2,7 millj
- Rekstarniðurstaða ársins 2014 (A og B hluti) áætluð jákvæð, 65 þús
- Eignir áætlaðar í árslok 2014, 857 millj og skuldir og skuldbindingar 30 millj.
- Eignarhlutir áætlaðir í árslok 2014, 22,6 millj.
- Afborganir langtímalána 2,7 millj
- Fjárfestingar áætlaðar alls 39,5 millj, Hallormsstaðaskóli 2 millj, Fjallaskarð 2,5 millj, samgöngur 30 millj, Végarður 1,5 millj, Gistihús 2 millj, Laugarfellsskáli 1,5 millj.
- Áætlað handbært fé í árslok 2014 68,5 millj.

5. Þriggja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015-2017, síðari umræða

Áætlun rædd. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu öll árin. Ekki er gert ráð fyrir lántökum og fyrirhugaðar fjárfestingar fjármagnaðar af eigin fé. Ekki er áætlað að greiða upp lán hraðar, eða fyrir en gjalddagar þeirra segja til um. Fjárfestingar á tímabilinu eru áætlaðar lægri en afskriftir og handbært fé hækkar nokkuð miðað við gefnar forsendur. Oddviti bar upp áætlunina og var hún samþykkt samhljóða.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum árið 2011, voru sveitarfélögum sett tvö fjárhagsleg viðmið, jafnvægisregla og skuldaregla.

- Jafnvægisregla: Samanlögð heildarútgjöld vegna A- og B- hluta í reiknisskilum skv. 60. gr séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- Skuldaregla: Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reiknisskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Fjárhagur Fljótsdalshrepps og fjárhagsáætlunir næstu ára standast tilgreind viðmið.

6. Skólamál.

Gestakoma : Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson komu inn á fund sveitarstjórnar kl.16.00, vegna þessa máls.

Starfshópur sem í sátu 1 fulltrúi Fljótsdalshrepps og 2 fulltrúar Fljótsdalshéraðs og hafði það hlutverk að greina stöðu, framtíðarhorfur og valkosti varðandi skólastarf á Hallormsstað hefur lokið störfum og skilað af sér greinagerð og tillögum.

Starfshópurinn leggur fram 3 tillögur:

Tillaga 1:

Skólastarfi í Hallormsstaðaskóla verði hætt. Nemendum í skólahverfinu og úr Fljótsdal verði ekið í Egilsstaðaskóla.

Tillaga 2:

Fyrirkomulagi skólstarfs í Hallormsstaðaskóla verði breytt á þann veg að skólinn verði starfræktur fyrir 1. – 8. bekk. Eldri nemendum verði ekið í Egilsstaðaskóla, þ.e. 9. –10. bekk. Skólinn verði gerður að deild í Egilsstaðaskóla og stjórnandi skólans verði deildarstjóri.

Tillaga 3:

Fyrirkomulag skólstarfs í Hallormsstaðaskóla verði óbreytt, nema að því leyti að skólinn verði gerður að deild í Egilsstaðaskóla.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og bæjarráð Fljótsdalshéraðs ásamt bæjarstjóra, funduðu saman á Hallormsstað sl. mánudag 2. desember og ræddu greinargerð og tillögur starfshópsins.

Sameiginleg niðurstaða fundarmanna varð að í ljósi nemendafækkunar og spár um nemendapróun í skólahverfi Hallormsstaðaskóla, væri einhver útfærsla á tillögu 2 skoðunarverður kostur og nefnt að hægt væri að fela skólanefnd að vinna að útfærslu tillögunnar. Í framhaldi af fundi fulltrúa sveitarfélaganna var fundað með starfsmönnum skólans og þeim kynntar tillögur starfshópsins og niðurstaða fulltrúa sveitarfélaganna um að vinna áfram einhverja útfærslu á tillögu 2.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps leggur til að Skólanefnd Hallormsstaðaskóla í samstarfi við fræðslufulltrúa og skólastjórnendur verði falið að vinna málið áfram og útfæra endanlega tillögu um tilhögun skólahalds, en áður verði kallað eftir umsögnum um greinargerð og tillögur starfshópsins, frá starfsmönnum Hallormsstaðaskóla og skólaráði og haldinn verði fundur með foreldrum nemenda til að heyra þeirra sjónarmið, endanleg útfærsla taki tillit til þeirra. Óskað er eftir að útfærsla skólanefndar á tilhögun liggja fyrir ekki síðar en í janúar og verði þá tekin sem fyrst til afgreiðslu hjá sveitarfélögum sem að skólanum standa.

Þá samþykkir sveitarstjórn að ganga til viðræðna við Fljótsdalshérað um breytingar á gildandi skólasamningi sem miði að því að tryggja skólanum svo sem unnt er starfsumhverfi til næstu ára og tryggi þeim nemendum úr Fljótsdalshreppi sem kunna að þurfa að flytja sig úr Hallormsstaðaskóla val um skólavist í öðrum skólum á svæðinu og að skólabílar verði samnýttir eftir því sem það á við. Skólanefnd Hallormsstaðaskóla verði ekki lögð niður án þess að tryggð verði aðkoma Fljótsdalshrepps að stjórnun skólans.

7. Bréf

- e) Afrit af bréfi EFS til endurskoðenda sveitarfélaga dags. 25.11. Kynnt.
- f) Seyðisfjarðarkaupstaður dags. 21.11. Ályktun vegna ferjusiglinga til Austurlands. Sveitarstjórn tekur undir ályktunina og styður hana heilshugar .
- g) Mannvirkjastofnun dags 30.10. Varðar gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa sem á að vera komið á 1.jan 2015.
- h) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags 04.11. Ósk um að færa á afskriftareining ógreidd gjöld kr. 46.530- Samþykkt.

8. Umhverfisstyrkir

- c) Þórhallur Þorsteinsson, Hóli. Ósk um breytingu á fyrri umsókn vegna ársins 2012. Samþykkt. Umsókn um umhverfisstyrk árið 2013. Samþykktur hámarksstyrkur.
- d) Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum sækir um umhverfisstyrk fyrir árið 2013. Samþykktur hámarksstyrkur.

9. Fjárbeiðnir

- g) Uniqui Iceland East-Byggðalög og Ásbrú. Hafnað.
- h) Snorraverkefnið. Hafnað.
- i) Rauði krossinn. Hafnað.
- j) Rekstarfélagið Höttur. Hafnað.
- k) Blátt áfram. Hafnað.
- l) ÚÍA –Snæfell. Samþykkt að kaup logo í tímariti ÚÍA , kr. 12.000-

10. Fundargerðir

- c) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 11.11 og stjórnarfundur Skólaskrifstofu 11.11. Kynntar.
- d) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 21.11. Kynnt.

11. Önnur mál.

- a) Oddviti óskar eftir að nýta hlut af námsleyfi skv samningi í desember. Samþykkt.
- b) Hreindýraarðsskrá liggur frammi til kynningar á skrifstofu í Végarði , til 18. des.
- c) Helgi Hallgrímsson hefur tekið saman skrá um mannvistarminjar í Fljótsdal, ritið hefur verið fjölritað og fá allir bæir í Fljótsdal eintak . Fljótsdalshreppur styrkti útgáfu ritsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)